

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademiunnar 5. tölublað 1. árgangur 23. nóvember



Einvígi hjá Eimskip: Jóhann Hjartarson skellti Hjörvari Steini

Jóhann Hjartarson sýndi og sannaði á fimmtudaginn að hann er ennþá besti skákmaður landsins – og hann virðist hafa dágott tak á okkar efnilegasta meistara, **Hjörvari Steini Grétarssyni**. Á menningarnótt mættust þeir í hraðskákeinvígi sem fór $3\frac{1}{2} - \frac{1}{2}$ fyrir Jóhanni. Fimmtudaginn 22. nóvember mættust þeir á nýjan leik í höfuðstöðvum Eimskipa. Einvígið var hluti af þemadögum í fyrirtækinu sem snúast um hraða og góða þjónustu. Tefldu þeir fjórar skákir. Þá fyrstu vann Hjörvar, næsta fór jafntefli en Jóhann vann síðustu tvær nokkuð örugglega. Fjölmarginir starfsmenn fylgust með einvíginu og hylltu kappana að því loknu.

Skákdagurinn 26. janúar 2013:

Afmælishátíð meistara Friðriks

Skákdagurinn verður haldinn 26. janúar á afmælisdegi **Friðriks Ólafssonar** og honum til heiðurs. Skákdagurinn 2013 ber uppi á laugardegi. Fyrsti Skákdagurinn sem haldinn var á þessu ári heppnaðist mjög



vel. Skólar og skákfélög, fyrirtæki og fyrirmenni, þingmenn og þjóðin öll héldu upp á Skákdaginn með alls kyns skemmtilegheitum. Til dæmis var teflt fjöltefli í sundi, haldið fjölmennt mót meðal heldri skákmanna og Friðrik tefldi fjöltefli við starfsmenn RUV. Alls skiptu viðburðirnir tugum ef ekki hundruðum.

Maraðon í þágu Hringsins í næstu viku: Allir með!

Undirbúning fyrir skákmaraðonið í Kringlunni stendur nú sem hæst. Við hvetjum sem flesta til að skrá sig á Facebook-síðunni: Áskorun! Skákmaraðon fyrir Barnaspítala Hringsins. Við biðjum líka alla velunnura skákarinnar og Barnaspítalans að hjálpa okkur og senda áskoranir í allar áttir. Hægt er að nota þennan texta:

Liðsmenn Skákakademiunnar heimsækja Barnaspítala Hringsins einu sinni í viku, og tefla við þær ungu hetjur sem þar leita sér lækninga.

Í næstu viku ætla krakkarnir í Skákakademiunni að bæta um betur og tefla maraðon í Kringlunni og safna fé til tækjakaupa fyrir Barnaspítalann. Maraðonið stendur frá kl. 12 til 18, föstudaginn 30. nóvember og laugardaginn 1. desember.

Má bjóða þér og að mæta og tefla við krakkana okkar og leggja göfugum málstað lið? Framlög eru frjáls, og hver einasta króna sem safnast rennur til Hringsins.

Ég væri líka mjög þakklátur ef þú hjálpaðir okkur að kynna þetta meðal félaga þinna og vina. Þau sem eiga ekki heimangengt eða vilja síður tefla sjálf, geta leigt skákmeistara, fyrir upphæð að eigin vali!



Oliver og Rafnar sigruðu á Fjögurra skóla mótinu

Fimmtudaginn 22. nóvember fór fram svokallað **Fjögurra skóla mót**, sem er liður í samstarfi Rimaskóla, Hagaskóla, Laugalækjarskóla og Vættaskóla. Samstarfið felst í því að skólarnir vinna saman að því að efla skákmenningu hvers annars með því að hver skóli heldur mót og býður áhugasömum nemendum hinna skólanna að taka þátt. Fyrsta mót skólaársins fór því fram í Rimaskóla og tóku 83 nemendur þátt sem er aðáunarverður fjöldi.


Tefldar voru 5 umferðir með 5 mínútna umhugsunartíma. Framkvæmd mótsins gekk greiðlega fyrir sig enda þrautreyndir skipuleggjendur móta starfandi innan skólanna fjögurra. Þar má helsta nefna **Helga Árnason**, skólastjóra Rimaskóla, **Svavar Viktorsson** kennara í Laugalækjarskóla, **Tómas Hermannsson** í Vættaskóla og **Sturlu Björnsson** í Hagaskóla.

Mótsstjóri og dómari var **Björn Ívar Karlsson** frá Skákakademíunni. Sigurvegarar mótsins urðu **Oliver Aron Jóhannesson**, Rimaskóla, og **Rafnar Friðriksson** Laugarlækjarskóla. Skákstyrkur Olivers hefur verið í mikilli framþróun undanfarið en gaman var að sjá Rafnar deila efsta sætinu með honum. Flestir af næstu mönnum komu úr Rimaskóla en sterkir skákmenn Hagaskóla og Vættaskóla öllu neðar.

Næsta mót í mótariðinni fer fram í Hagaskóla og þá er fyrirhuguð liðakeppni milli skólanna fjögurra.

1. Oliver Aron Jóhannesson 5 v. Rimaskóla 2. Rafnar Friðriksson 5 v. Laugalækjarskóla 3. Dagur Ragnarsson 4,5 v. Rimaskóla 4. Jón Trausti Harðarson 4,5 v. Rimaskóla 5. Theódór I. Rocha 4 v. Rimaskóla 6. Kristófer Halldór Kjartansson 4 v. Rimaskóla 7. Arnar Ingi Njarðarson 4 v. Laugalækjarskóla 8. Björn Ingi Jónsson 4 v. Hagaskóla 9. Bragi Friðriksson 4 v. Laugalækjarskóla 10. Nansý Davíðsdóttir 4 v. Rimaskóla 11. Joshua Davíðsson 4 v. Rimaskóla 12. Jóhann Arnar Finnsson 4 v. Rimaskóla 13. Alex Nökkvi Ægisson 4 v. Hagaskóla 14. Garðar Sigurðarson 4 v. Laugalækjarskóla 15. Þorsteinn Muni Jakobsson 3,5 v. Laugalækjarskóli 16. Arnar Gauti Bjarkason 3,5 Vættaskóla

Skákbraut vikunnar



Hvítur mátar í 3 leikjum!


Mikael Tal, oft nefndur *töframaðurinn frá Riga*, var flestum skákunnendum kunnur en hann vakti fyrst og fremst athygli fyrir fallegan skákstíl. Hann fékk þó stundum að kenna á eigin meðulum og í stöðu dagsins sjáum við brot úr skák hans gegn **Fernando Visier Segovia** (2355). Tal hafði svart og er hér lentur í talsverðum vandræðum enda kóngur hans kominn alla leið á h4. Hvítur lýkur skákinni smekklega.

39. g3+! Kxh5

40. g4+ Kh4

41. Rg6 mát

Teflt á Loftleiðum: Eitt skemmtilegasta mót ársins!



Helgina **10.-11. desember** fer fram atskákmót Icelandair. Tefldar verða 14 umferðir eða 7 umferðir hvorn dag og umhugsunartíminn er 15 mínútur á mann. Þetta er opin sveitakeppni og til að tryggja spennandi og skemmtilega keppni verður hámark á heildarstigafjölda hverjar sveitar, eða 8.500 stig í hverri umferð. Miðað er við alþjóðleg stig en ef alþjóðleg stig eru ekki til staðar er miðað við íslensk stig. Þó að þetta sé opin sveitakeppni eru fyrirtæki, stofnanir, klúbbar, eða önnur félög hvött til að senda lið til keppni.

Meðal verðlauna eru farseðlar til Evrópu auk annarra veglegra verðlauna.

Mótið fór fram í fyrsta sinn í fyrra og gladdi það margan skákmanninn að geta teflt á Loftleiðum á ný. Hér áður fyrr voru nefnilega ansi mörg og merkilegt skákmót sem haldin voru þar, m.a. Reykjavíkurskákmótið. Mótið í fyrra var geysilega sterkt og nokkrir stórmeistarar með sem og alþjóðlegir meistarar. Frábært mót, allir að skrá sig sem fyrst á skak.is! Þar eru líka nánari upplýsingar um þetta stórskemmtilega mót.

Skemmtilegar staðreyndir um skák: Tal



Hér að framan sýndum við tapskák með hinum mikla Mikail Tal, sem að margra mati er skemmtilegasti skákmaður allra tíma. Hann fæddist 9. nóvember 1936 og var þess vegna sporðdreki eins og hinir goðumlíku Alekhine og Capablanca. Hann lærði að lesa aðeins þriggja ára og var byrjaður í háskóla 15 ára. Tal, sem var kallaður Misha, lærði mannganginn 8 ára og sýndi snemma hvað í honum bjó. Hann varð heimsmeistari 23 ára, yngstur allra, þangað til Kasparov sló það met. Tal á mörg met og meðal annars er hann sá meistari sem hefur teflt flestar kappskákir í röð án þess að tapa. Á árunum 1973-74 tefldi hann 95 skákir án þess að tapa einni einustu – vann 46 sinnum og gerði 49 jafntefli. Hann á líka næstbesta árangurinn, því 1972-73 tefldi hann 86 skákir án taps. Þá vann hann 47 sinnum og gerði 39 jafntefli. Mikail Tal naut mikilla vinsælda, ekki bara fyrir snilld sína við skákborðið, heldur vegna þess að hann var einstakt ljúfmenni, kurteis og skemmtilegur. Mikail Tal kom nokkrum sinnum til Íslands og sigraði m.a. með yfirburðum á fyrsta Reykjavíkurskákímótinu árið 1964, þegar hann fékk $12\frac{1}{2}$ vinning af 13 mögulegum. Myndin er hinsvegar tekin í lokahófi IBM-skákímótsins sem haldið var á Hótel Loftleiðum 1987. Tal (til hægri) spjallar við ungan blaðamann frá einu Reykjavíkurblaðanna.